

Aðalfundur Íslenska bútasamsfélagsins

Haldinn laugardaginn 16. mars. 2013 kl.10.05 í Perlunni.

1. Fundarsetning, kostning fundarstjóra og fundarritara . Lovísa Jónsdóttir formaður félagsins setti fund og bauð gesti velkomna hún kynnti fundarstjóra Huldu Sigfúsdóttur og fundarritara Svölu Stefánsdóttur Lovísa afhenti Huldu stjórn fundarins. Hulda greindi fundarmönnum frá að hún væri ekki félagsmaður og hefði því engra hagsmuna að gæta og stjórnaði fundinum eftir lögum félagsins og fundarsköpum. Mættir voru félagsmenn.

2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári. Lovísa fór yfir störf félagsins á síðasta ári og hvað væri framundan.

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar. Ragnheiður Björnssdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins, opnað var fyrir fyrirspurnir, spurt var út í innheimtukosnað á gíróseðlum og hvort ekki væri eðlilegt að ársreikningur væri birtur í blaði félagsins. Greint var frá að reikningurinn ætti ekki erindi í blaðið þar sem fleiri læsu það heldur en félagsmenn. Hulda bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Tillaga um árgald .Árgjald er óbreytt kr. 4100 .

5. Skýrslur nefnda .Engarskýrslur hafa borist.

6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar. Engar lagabreytingar bárust.

7. Kosning formanns. Ekki er kosið um formann á þessu ári. Lovísa Jónsdóttir heldur áfram sem formaður.

8. Kosning meðstjórnanda .Brynja Eggertsdóttir gaf kost á sér sem meðstjórnandi og var hún kosin með öllum atkvæðum.

9. Kosning varamanna. Margrét Ósk Árnadóttir verður varamaður í stað þess að vera aðalmaður.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna .Svala Stefánsdóttir og Sigríður Torfadóttir voru kosnar.

11. Kosning í nefndir. Hulda Petersen og Guðrún Auðunsdóttir voru kosnar í kaffinefnd.Sýningarnefnd gaf ekki kost á séráfram og verður stjórn falið að finna fólk í nefndina.

12. Önnur mál. Ragnheiður talaði um hetjuteppi og að þau væru kyndilberi félagsins, umræða varð um teppin og hvort þau væru nógu vel kynnt og einnig hvort að það mætti ekki gera meira úr afhendingu þeirra. Guðrún Skúladóttir bauðst til að stinga hetjuteppi.Sýningarnefnd voru þökkueð vel unnin störf í sambandi við sýninguna í Perlunni. Það var greint frá óvissuferð sem verður í lok apríl (sjá auglýsingu í blaði) , farið verður frá Grensárskirkju kl. 9 að morgni komið til baka um kl. 17.00 verð er kr. 4000 innfalið er rúta og hressing í hádegi.

13. Fundi slitið. Hulda sleit fundi kl 10.35.